

Fundargerð

319. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands, haldinn
13. janúar 2016, kl 15.30, að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Jóhanna Traustadóttir, ritari

Fundarritun annaðist:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá:

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Kjaramál
 - a. SFV
 - b. Eftirfylgni með bókunum í kjarasamningi við ríkið
 - c. LSH
 - d. Austurland
 - e. Heimahjúkrun í Neskaupsstað (Staðgengilslaun)
 - f. Stofnanasamningur HSN
4. Öryggislistar
 - a. Hverja er búið að samþykkja
 - b. Hverjir eru í ferli
5. Fundur í BSRB 14. janúar um lífeyrismál
6. Tilnefningar í starfsnefndir í BSRB
7. Ingibjörg Magnúsdóttir
 - a. Hugmyndir að stofnun sjóðs og fundur með Ingibjörgu
8. Félagsstjórn í febrúar
 - a. Fundartími
 - b. Dagskrá
9. Erindi Íslands á EPN ráðstefnunnar í Reykjavík
10. Genfarskólinn
11. Orlofsmál
12. Önnur mál

Fundargerð

1. Fundur settur

Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ), setti fund og bauð stjórnarmenn velkomna til fyrsta fundar ársins og óskaði þeim gæfu á komandi ári.

2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og komin á netið

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

3. Staðan í kjaramálum

- KÁG fór yfir stöðuna í kjaramálum:

Búið er að semja við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu og samningurinn er í takt við samninginn við ríkið.

Illa gekk að klára samninginn vegna kröfu félagsins um að sérstaklega yrði gengið frá að stofnun inna SFV væri að sinna heimahjúkrun og gera þyrfti ráð fyrir því í stofnanasamningi. Niðurstaðan var bókun um að málið yrði leyst í samstarfsnefnd, annars áskildi félagið sér fullan rétt til að fara með það fyrir dómstóla. Gísli Guðni Hall lögmaður tók saman álit fyrir félagið vegna ágreiningsins um heimahjúkrun, sem lagður var fram hjá sáttasemjara og afhentur fulltrúum SFV. Hann útbjó einnig yfirlýsingu sem átti að leggja fram ef ekki hefði fengist inn bókun í samninginn. Fundur var með fulltrúum FÍH vegna sama máls til að kanna hvort þeir hefðu áhuga á að vera með í baráttunni við SFV/Eir um viðurkenningu á að um væri að ræða heimahjúkrun. Fulltrúar FÍH töldu að þeirra félagi væri rétt raðaður sem deildarstjóri og þeir sáu ekki hag í því að vera með í baráttunni.

Rafræn kosning hefst að loknum kynningarfundum föstudaginn 15. jan. um kjarasamninginn.

- Eftirfylgni vegna bókana í kjarasamningnum við ríkið. Fulltrúar félagsins sendu í upphafi árs áminningu um að mikilvægt væri að setja í gang vinnu vegna bókana um „stubbavaktir“ og breytingar á sjóðum félagsins og tilnefndu fulltrúa félagsins í þær nefndir. Ítrekun var send í byrjun þessarar viku, en ekkert hefur heyrst frá fjármálaráðuneytinu enn þá.
- Félagið hefur óskað eftir fundi í samstarfsnefnd LSH og verður hann 20. janúar. Á fundinum verður farið yfir launasetningu sjúkraliða sem gefa kost á sér í varnarteymi, veru sjúkraliðanema í félaginu þegar þeir eru ekki á námstíma, fæðisfé, fatapeninga og uppgjör á vetrarfrísdögum o.fl. Einnig verður rætt um sjúkraliða sem eru í hjúkrunarnámi um að þeir geti verið í SLFÍ. Rætt verður um kjör sjúkraliða gagnvart félagsliðum.

- Samningaviðræðum við Samninganefnd sveitarfélaga hefur verið vísað til sáttasemjara af SLFÍ og boðaði hann fund 12. janúar, sem var aflýst rétt fyrir fund að ósk SNS. Umræða er um að fara inn í starfsmat, en leggja samt sem áður áherslu á að halda inni persónubundnum þáttum eins og símenntun, framhaldsmenntun o.fl. sem ekki hefur verið tekið tillit til í starfsmatskerfinu. Næsti fundur hefur verið boðaður 19. janúar.
- Eftir verkfall hefur verið óánægja hjá stjórnendum HSA vegna ábendingar frá verkfallsvörðum um meint verkfallsbrot á einni deild inna HSA. Framkvæmdastjóri SLFÍ fundaði með mannauðsstjóra HSA fljótlega að loknu verkfalli og töldu þeir að málinu væri lokið. Í desember s.l. kom ósk frá forstjóra HSA um að fá skriflegt svar frá félaginu um hvort þær ákúrir um meint verkfallsbrot stæðust. Lögfræðingi BSRB var sent erindið og gögn í málinu og hefur hún unnið drög að svari, sem á eftir að vinna betur. Til stendur að funda með fulltrúum HSA um málið þegar færi gefst.
- Sjúkralið á Neskaupstað leysti af í heimahjúkrun síðastliðið sumar, en fékk ekki staðgengilslaun. Sonja lögfræðingur BSRB vinnur að lausn málsins með Sigurlaugu.
- Illa gengur að ljúka stofnanasamningi við HSN þrátt fyrir fjölda funda og bréfaskrifta. Það sem útaf stendur er grunnröðun sjúkraliða í heimahjúkrun. Bréf hefur verið sent á forstjóra HSN, fjármálaráðuneytið og starfsmannastjóra þ.s. slíkum vinnubrögðum er harðlega mótmælt og þess krafist að stofnanasamningnum verði lokið.

4. Vinna við öryggislista

Samstarf er í fullum gangi við vinnuveitendur um öryggislista og hafa all margir verið samþykktir, vinna með aðra er í gangi. Búið er að ljúka við öryggislista hjá SÁÁ, Dalbær, Grund, Mörkin og Skjól. Í ferli eru ríkið, Reykjavíkurborg, Snæfellsbær og Hrafnista.

5. Fundur í BSRB 14. janúar um lífeyrissjóðsmál og fleiri mál

- KÁG fór yfir að fundur yrði um lífeyrismál með stjórnarmönnum og starfsmönnum aðildarfélaga. Á fundinum verður farið yfir stöðuna og fundarmönnum gefið færi á að tjá skoðanir sínar og fá svör við brennandi spurningum. Mjög mikilvægt er að sem flestir mæti.
- Fram kom að BSRB er í vinnu vegna frumvarps um húsnæðismál. Fulltrúi BSRB í nefndinni er Dalla Ólafsdóttir.
- Fulltrúi frá BSRB er í nefnd sem fjallar um samspil lífeyris og almannatrygginga.

6. Tilnefningar í starfsnefndir í BSRB

Farið var yfir að í upphafi árs að loknu þingi BSRB þarf að tilnefna fulltrúa félaga í starfsnefndir á vegum bandalagsins. Rætt var um í hvaða nefndum/ráðum SLFÍ þyrfti að eiga/skipa fulltrúa. Ákveðið var að Jóna Jóhanna verði í nefnd sem fjallar um vinnumarkaðs-, kjara og lífeyrismál. Kristín Ólafsdóttir verður í nefnd sem fjallar um

Fjöldkylduvænna samfélag og jafnréttismál, Kristín Á Guðmundsdóttir stýrir nefnd um velferðarmál, Gunnar Örn verður í Réttindanefnd.

7. Vegleg gjöf til félagsins

KÁG gerði grein fyrir að Ingibjörg Magnúsdóttir fyrrverandi fulltrúi í Heilbrigðisráðuneytinu hefði komið að máli við félagið og óskað eftir að gefa fjármuni til styrktar mikilvægu málefni inna félagsins. Rætt var um að gjöfin verði nýtt til kaupa á sjúkrarúmi fyrir sjúkraliðabraut í Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Undir þessum lið var rætt um gjöf til FB í tilefni afmælis skólans. Ákveðið var að gefa peningagjöf til uppbyggingar kennslustofu.

8. Félagstjórnarfundur í febrúar

Rætt var um hvenær næsti félagstjórnarfundur yrði í febrúar og ákveðið að fundur verði 26. febrúar kl. 10.00 og standi til kl. 14.00. Nánar verður farið í um hvað verði fjallað á fundinum síðar.

9. Erindi á EPN þinginu í vor frá Íslandi/SLFÍ

Fram kom að búið er að ákveða umræðuefnið og verður það „sjálfboðaliðar“ innan heilbrigðiskerfisins. Steinunn Hrafnisdóttir dósent í félagsráðgjöf sem er einn helsti sérfræðingur í sjálfboðastörfum á Íslandi mun verða með erindi og svara fyrirspurnum.

10. Genfarskólinn

KÁG ræddi um að búið væri að auglýsa eftir fulltrúa BSRB í Genfarskólann. Málið var rætt, en ekkert ákveðið.

11. Orlofsmál

GÖG fór yfir að íbúðin í Safamýri væri að mestu leyti klár og væri komin í útleigu. Hann fór einnig yfir það helsta sem væri í vinnslu í orlofsmálum félagsins.

Önnur mál

- Farið var yfir að í desember þegar velja átti fyrirmýnda stjórnandann hafi engar vandaðar ábendingar komið fram.

Fundi slitið kl. 17.44